



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

177. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja

25. mars 1993.

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Bogi Hallgrímsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðjón Kristjánsson, Ingvar Eyfjörð Jónsson, Jón Sæmundsson, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Dagskrá:

1. Skólasjóðir - uppgjör fyrir 1992.
2. Skólasjóðir - ný skipulagsskrá.
3. Kosning formanns skólanefndar, sbr. lög.
4. Ráðning deildarstjóra tungumála.
5. Námsferð Skólameistarafélags Íslands.
6. Styrkur úr Listskreytingarsjóði ríkisins.
7. Önnur mál.

1. Skólasjóðir - uppgjör 1992.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir reikningum sjóða FS, sem eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningarnir voru samþykktir. Samþykkt var sú vinnuregla að framvegis verði reikningarnir til tveggja umræðna en það er ekki gert af sérstöku tilefni.

2. Skólasjóðir - ný skipulagsskrá.

Samþykkt var ný skipulagsskrá fyrir Skólasjóð FS og eldri sjóðir lagðir niður. Þetta er gert til að fá samþykki ráðuneytis fyrir sjóðnum, en krafist er hærri lágmarksupphæðar sem höfuðstóls en svo að hægt sé að hafa þrjá sjóði. Skipulagsskrá fyrir Skólasjóð FS fylgir fundargerð þessari.

3. Kosning formanns skólanefndar, sbr. lög.

Samkvæmt lögum á skólanefnd að kjósa sér formann á tveggja ára fresti. Núverandi formaður var sjálfkjörinn.

4. Ráðning deildarstjóra tungumála.

Ein umsókn barst um stöðu deildarstjóra tungumála frá Söru Harðardóttur og mælir skólanefnd með ráðningu hennar.

5. Námsferð Skólameistarafélags Íslands.

Skólameistarafélag Íslands stendur fyrir námsferð til Kanada í vor. Þar verður haldið námskeið um fjárhagslegt sjálfstæði skóla og beytta stjórnunarhætti í framhaldi af því. Kennslukostnaður er ókeypis. Ráðherra hefur heimilað að færa ferðakostnað á rekstarreikninga skólanna með samþykki skólanefnda. Erindi hefur borist frá skólameistara og aðstoðarskólameistara um styrk til fararinnar. Skólanefnd tekur jákvætt í erindið, nánari útfærsla bíður næsta fundar.

6. Styrkur úr Listskreytingarsjóði ríkisins.

Borist hefur bréf frá sjóðnum þar sem erindi Listkreytingarnefndar skólans um styrk til kaupa á verki eftir Erling Jónsson er hafnað. Samþykkt að biðja um frekari skýringu á synjuninni. Sjóðurinn hefur þó samþykkt kr. 3.000.000 til kaupa á listaverki að undangengnu útboði. Jafnframt samþykkti sjóðurinn að veita skólanum kr. 300.000 til að standa straum af kostnaði við útboðið.

7. Önnur mál.

a) Kennararáðningar.

Samþykkt að ganga frá endurráðningu eftirtalinna kennara:

Alda Jensdóttir, Axel Nikolaison, Baldur Þ. Guðmundsson, Björn Sturlaugsson, Borgþór Arngrímsson, Brynja Waage, Einar T. Óskarsson, Gísli Torfason, Gunnlaugur R. Jónasson, Gylfi Þorkelsson, Hjörtur Marteinsson, Hörður Ragnarsson, Ingunn Þ. Magnúsdóttir, Jón Pálmi Skarphéðinsson, Karl Smári Hreinsson, Kristján P. Ásmundsson, Kristján Jóhannesson, Magnús Óskar Ingvarsson, Sigurlaug Kristinsdóttir, Sumarrós Sigurðardóttir, Svanhildur Kjær, Unnur B. Þórhallsdóttir og Þorvaldur Sigurðsson. Guðný Árnadóttir fær ráðningu til áramóta, en þá kemur Þór Stefánsson líklega aftur til starfa. Ása V. Einarsdóttir Guðrún Erla Sigurðardóttir og Konráð Ásgrímsson verða í leyfi á næsta skólaári. Sigríður Bílddal kemur úr leyfi. Óvíst er hvort Þór Ásgeirsson sækir um endurráðningu. Aðrar umsóknir biða þar til kennslumagn og kvótar liggja ljós fyrir. Auglýsa þarf eftir kennurum í þýsku, líffræði og raungreinum og sálfræði


b) **Húsaleigusamningur** vegna salar skólans kynntur, afgreiðslu frestað til næsta fundar.


c) **Fjármál NFS.** Formaður gerði grein fyrir stöðu mála.

d) **Leiksýning Vox Arena.** Leikritið "Hreinn umfram allt" eftir Oscar Wilde verður frumsýnt í sal skólans n.k. föstudag.

e) **Ráðstefna um starfsmenntabrautir**, sem haldin var fyrr í þessum mánuði, var kynnt. Niðurstaðan var að halda bæri áfram á þessari braut.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður.


Hulda Björk Þorkelsdóttir,
fundarritari.



**Endurskoðun
Sig. Stefánsson hf.**

Skrifstofur:
Bárnstíg 15 900 Vestmannaeyjar
Sími 98-12622
Hafnargötu 90 230 Keflavík
Sími 92-15533

Endurskoðun Akureyri hf.
Glerárgötu 21 600 Akureyri
Tengt fyrirtæki:
Endurskoðun Flókaötu 65 sf.
Flókaötu 65 105 Reykjavík

Keflavík, 10. mars 1993

**Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja,
B.t. formanns skólanefndar
Frú Sigríðar Jóhannesdóttur.**

Við höfum nú endurskoðað ársreikning Skólasjóða Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 1992. Í framhaldi af því viljum við vekja athygli skólanefndar á eftirfarandi:


Í fundagerð skólanefndar frá 18. maí 1992 var ákveðið að greiða Hjálmari Árnasyni, Ægi Sigurðssyni og Jóni Sæmundssyni skv. samningum um yfirvinnu og akstur frá 1986 og 1988 að frádrægu því framlagi sem ríkið hafði þegar greitt á móti og er þetta gjaldfært árið 1992 í rekstrarreikningi Skólasjóða F.S. Jafnframt var bókað í fundagerðina að leitað yrði leiða til að láta ríkissjóð standa við gerða samninga. Í lok fundagerðarinnar var bókað að skólanefndin samþykkti með meirihluta atkvæða að segja þessum samningum um yfirvinnu og akstur upp með löglegum fyrirvara og með endurskoðun í huga. Enn virðast ekki hafa verið gerðir nýjir samningar en greiðslur til skólameistara og fjármálastjóra hafa síðan farið fram eftir gömlu samningunum.

Nokkrir aðilar hafa fengið greiðslur úr Skólasjóðum FS vegna fyrirlestra, aksturs og vinnu við Námsvísi. Hér er um verktakastarfsemi að ræða og vakin er athygli á því að Skólasjóðunum ber að senda launamiða vegna þessa. Ennfremur teljum við að styrkir til einstaklinga sem veittir eru úr Skólasjóðum F.S. eigi að vera á launamiðum.

Við viljum beina því til stjórnenda að skólameistari samþykki alla reikninga sem greiddir eru úr sjóðunum.

Að öðru leyti viljum við taka fram að bókhaldið er samviskusamlega fært að okkar mati og aðgengilegt til skoðunar.

Virðingarfyllt,
f.h. Endurskoðun -
Sigurðar Stefánsson hf.


Guðmundur Kjartansson
löggiltur endurskoðandi.

Afrit sent Hr. Hjálmari Árnasyni, skólameistara og Hr. Jóni Sæmundssyni, fjármálastjóra.

Alh. Björn Jón.
GES

Eftirtaldir kennarar hafa sótt um endurráðningu:

Alda Jensdóttir*
Axel Nikolaison*
Ása V. Einarsdóttir***
Baldur Þ. Guðmundsson
Björn Sturlaugsson*
Borgþór Arngrímsson*
Brynja Waage*
Einar T. Óskarsson*
Gísli Torfason
Guðný Árnadóttir**
Gunnlaugur R. Jónsson*
Gylfi Þorkelsson*
Hjörtur Marteinsson*
Hrannar Hólm*
Hörður Ragnarsson
Ingunn Þ. Magnúsdóttir*
Jón Pálmi Skarphéðinsson
Karl Smári Hreinsson*
Kristján P. Ásmundsson*
Kristján Jóhannesson*
Magnús Ó. Ingvarsson
Sigurlaug Kristinsdóttir
Sumarrós Sigurðardóttir*
Svanhildur Kjær
Unnur B. Þórhallsdóttir
Valborg Oddsdóttir
Þorvaldur Sigurðsson

Jóhanna Guðmundsdóttir *

*= Hefur réttindi eða er um það bil að ljúka þeim.

**= Ráðning til áramóta vegna endurkomu Þórs Stefánssonar úr orlofi. Þó kæmi til greina að Guðný héldi áfram eftir áramót.

***= Hugsanlega verður Ása í leyfi á næsta skólaári.

Konráð Ásgrímsson fer í námsleyfi en Sigríður Bílddal kemur úr leyfi.

Þór Ásgeirsson getur ekki verið nema til áramóta.

GES : þessu leyfi